

**VÖRUTOLLUR.**

4

10. febr.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga um vörutoll nr. 38, 27. júní 1921, hefir vörutollur á eftirgreindum vörutegundum verið færður niður þannig:

7. júlí '22: Bötnvörpurúllur (Bobbins) .....	færðar í 2. fl. úr 7. fl.
15. mars '23: Trjesúlur (Bustesöjler) .....	— - 7. — — 6. —
11. september '23: Mómýlsna .....	— - 2. — — 7. —
19. september '23: Botnvörpuhlerar .....	— - 2. — — 7. —
9. október '23: Glaubersalt .....	— - 2. — — 7. —
8. apríl '24: Vírgirðinganet .....	— - 2. — — 7. —
27. ágúst '24: Bátsuglur (Davider) .....	— - 2. — — 7. —
18. október '24: Blýsökkuur .....	— - 2. — — 7. —
18. október '24: Hleraskór .....	— - 2. — — 7. —
18. október '24: Hlerajárn .....	— - 2. — — 7. —
14. nóvember '24: Terrazzoskærver .....	— - 2. — — 7. —
26. nóvember '24: Skipaskrúfur (úr járni) .....	— - 2. — — 7. —

*Fjármálaráðuneytið, 10. febr. 1925.*

**REGLUGJÖRÐ**

5

12. febr.

um

**skemtanaskatt í Keflavíkurkaupþúni.**

**1. gr.**

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30, 19. júní 1922, skal greiða skatt af skemtunum, sem haldnar eru í Keflavík, og aðgangur er seldur að.

**2. gr.**

Skattskyldar samkomur eru: Hljómleikar og söngskemtanir allskonar, fyrirlestrar, upplestur, sjónleikir, myndasýningar allskonar, íþróttasýningar sem aðrir en áhugamenn taka þátt í, eftirhermur, sjónhverfingar, skrautsýningar, dansleikir, bögglauppboð, hlutaveltur og annað, sem til skemtunar er notað, og er í eðli sínu samskonar og nú er talið.

**3. gr.**

Skatturinn er hundraðsgjald af inngöngueyri „brúttó“, og greiðist af hverri tegund skemtana þannig:

- 5** a. Af fyrirlesturum, upplestri og íþróttasýningum greiðist 5%.  
**12. febr.** b. Af hljómlækjum, myndasýningum og söngskemtum 10%.  
 c. Af eftirhermum, sjónhverfingum, skrautsýningum og sjónleikum 15%.  
 d. Af dansleikjum, bögglauppboðum og hlutaveltum 20%.

Þegar skemtarnir koma fyrir, sem hjer eru ekki taldar, en sem skattskyldar eru samkvæmt 2. gr., skal greiða sama skatt af þeim, og þeim skemtunum, sem þeim eru svipaðastar, af þeim, sem hjer hafa verið taldar.

Þegar fleiri en ein skemtun er höfð á sömu samkomu, skal skatturinn reiknaður fyrir þá skemtun, sem lengstan tíma tekur af samkomunni.

#### 4. gr.

Hreppsnefnd Keflavíkurhrepps hefir eftirlit með því, að reglugjörð þessari sje fylgt, og sjer um innheimtu skattsins. Ræður hún sjerstakan mann til þess fyrir sína hönd, og nefnist hann eftirlitsmaður skemtana.

Eftirlitsmaður innheimtir skattinn, og hefir eftirlit með skemtunum, ef þurfa þykir.

#### 5. gr.

Aðgöngumiðar á allar skattskyldar skemtarnir skulu þannig gerðir, að á aðra hlið þeirra sje skráð það, sem samkomunni viðkemur, en á hinni hliðinni sje aðeins innsigli eftirlitsmanns. Eftirlitsmaður skal ávalt hafa til nægar birgðir af stimpluðum aðgöngumiðum. Kostnaðurinn við seðlana greiðist af skatttekjunum.

#### 6. gr.

Hver sá, sem vill halda skattskylda samkomu samkv. 2. gr., skal tilkynna það eftirlitsmanni skemtana. Eftirlitsmaður skal láta honum í tje eins marga aðgöngumiða og hann óskar. Þegar samkomunni er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða, og greiða um leið skatt, samkv. 3. gr., af öllum þeim miðum, sem hann tók á móti, að frádregnum þeim ónotuðu.

Þó má draga frá miða, sem varið hefir verið handa starfsmönnum samkomunnar.

#### 7. gr.

Skatttekjum þessum skal varið til líknarstarfsemi í hreppnum. Meðferð og úthlutun fjárens annast þriggja manna nefnd, kosin af hreppsþúum til tveggja ára í senn, á almennum borgarafundi. Í þeirri nefnd má enginn hreppsnefndarmaður eiga sæti.

#### 8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að semja til eins árs í senn um ákveðna skattgreiðslu fyrir hverja sýningu, eða í eitt skifti fyrir öll, við þann eða þá, sem

halda uppi stöðugum skattskyldum samkomum, til dæmis kvikmyndafjelög, leikfjelög o. s. frv. Einnig er hreppsnefnd heimilt að veita undanþágu frá skattgreiðslu, í eitt skifti í senn, fyrir skemtanir eða samkomur, sem haldnar eru í sjerstöku góðgerða- eða fræðsluskyni. 5  
12. febr.

9. gr.

Brot á reglugjörð þessari varða sektum frá 100—1000 krónur. Mál, sem rísa útaf brotum á reglugjörðinni, skal farið með sem almenn lögglumál.

10. gr.

Reglugjörð þessi er samin af hreppsnefnd Keflavíkurhrepps, og öðlast gildi þegar dómsmálaráðherra hefir staðfest hana.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Keflavíkurhrepps hefir samþykkt, er hjermeð staðfest samkvæmt lögum nr. 34, 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30, 19. júní 1922, til að öðlast gildi 1. mars 1925, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. febrúar 1925.*

F. h. r.

G. Sveinbjörnsson.

*Sigfús M. Johnsen.*

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóðinn Vigdísarminning, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju- málaráðherra 21. febrúar 1925. Skipulagsskráin er þannig: 6  
21. febr.

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Styrktarsjóðinn Vigdísarminning.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vigdísarminning, og er stofnaður af samskotum til minningar um Vigdísí Jónsdóttur húsfreyju frá Deildartungu, sem fæddist þar 24. mars 1843, og þó þar 15. júlí 1914. Sjóðurinn er eign Reykholtsdals- hrepps.